

Dómsorð :

Framangreind löghaldsgerð er felld úr gildi.

Stefndu, Björn Jóhannsson og Kristján Torfason, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar f. h. félagsútgerðar m/s Odds, ÍS. 205, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 4. maí 1954.

Nr. 58/1954. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs**
(Sigurður Ólason)

gegn

Ásmundi Friðrikssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar útsvarsskuld, að fjárhæð kr. 20.345,00, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. september 1952 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi var skipstjóri á togara Siglufjarðarkaupstaðar, sem gerður var út þaðan, frá því í september 1950 þar til á árinu 1953, skráði heimilisfang sitt í nefndum kaupstað á þessu tímabili frá því haustið 1951 og tók þar á leigu íbúð frá 1. janúar 1952. Átti hann því heimili í Siglufjarðarkaupstað,

er útsvarsálagning fór fram árið 1952. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.800,00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjar-sjóðs, greiði stefnda, Ásmundi Friðrikssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.800,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetaréttar Siglufjarðar 23. febrúar 1953.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 21. þessa mánaðar, hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Vestmannaeyja, krafizt þess, að framkvæmt verði lögtak í eignum gerðarþola, Ásmundar Friðrikssonar skipstjóra, Norðurgötu 4 hér í bæ, til tryggingar útsvarsskuld hans við Vestmannaeyjabæ vegna álagðs útsvars 1952, að fjárhæð kr. 20.345,00, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá og með 1. sept. 1952 til greiðsludags og alls kostnaðar við innheimtuna, þar á meðal lögtakskostnaðar. Gerðarþoli hefur *adallega* mótmælt framgangi gerðarinnar, en *til vara* hefur hann krafizt þess, að lögtak verði aðeins heimilað fyrir sömu útsvarsupphæð og gerðarþoli hefur greitt á Siglufirði, kr. 14.920,00. Báðir aðiljar krefjast hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um mörg undanfarin ár og a. m. k. fram á árið 1951 átti gerðarþoli lögheimili í Vestmannaeyjum, á Landagötu 11, en á árinu 1950 gerðist hann skipstjóri á b/v Elliða, eign Bæjarútgerðar Siglufjarðar, sem hefur jafnan verið gerður út frá Siglufirði. Við manntal á Siglufirði 1951 og 1952 var gerðarþoli og fjölskylda hans skráð til heimilis á Norðurgötu 4 hér í bæ, en ekki virðist hann þó hafa flutt í hús þetta fyrr en um áramót 1951—1952, því að séð verður af vottorði Jóns Kjartanssonar, eiganda hússins, að gerðarþoli hefur aðeins greitt leigu eftir íbúð í húsinu frá 1. jan. 1952, en haustið 1951 taldi hann sig þó til heimilis í húsi þessu með samþykki fyrrnefnds húseiganda. Hins vegar virðist ekki neinn ágreiningur vera um, að fjölskylda gerðarþola hafi fyrst flutt í nefnt hús vorið 1952, í maieða júnímánuði. Í ársbyrjun 1952 taldi gerðarþoli fram til skatts hér á Siglufirði fyrir árið 1951, og var samkvæmt framtali hans lagt á hann útsvar hér, kr. 14.920,00, og hefur hann nú að fullu greitt það útsvar. Hins vegar lagði niðurrjöfnunarnefnd Vestmannaeyja einnig

útsvar á gerðarþola við niðurfjöfnun 1952 fyrir árið 1951 á þeim forsendum, að hann hefði ekki flutzt frá Vestmannaeyjum fyrr en í júní 1952, og var útsvarsupphæðin kr. 20.345,00, eins og í kröfugerð gerðarbeiðanda hér að framan greinir. Útsvar þetta kærði gerðarþoli til yfirs kattanevndar Vestmannaeyja með bréfi, dags. 8. sept. sl., og krafðist þess, að það yrði með öllu fellt niður, með því að hann og fjölskylda hans átti lögheimili á Siglufirði samkv. síðasta manntali, en ekki í Vestmannaeyjum, og í annan stað krafðist hann niðurfellingar á útsvarinu álögðu í Vestmannaeyjum sökum þess, að á Siglufirði hefði hann aflað sér allra þeirra tekna, sem á hefði verið lagt. Á fundi sínum 29. sept. 1952 úrskurðaði yfirs kattanevnd Vestmannaeyja, að útsvar gerðarþola skyldi standa óbreytt.

Gerðarþoli greiddi ekki útsvarið, sem á hann var lagt við niðurfjöfnun útsvara í Vestmannaeyjum 1952, á gjalddaga, og með bréfi, dags. 5. nóv. sl., fól bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum bæjarfógetanum á Siglufirði innheimtu útsvarsins með lögtaki, ef með þyrfti, og er kröfum bæjarsjóðs Vestmannaeyja í sambandi við lögtaksbeiðnina lýst hér að framan.

Kröfur sínar hefur gerðarbeiðandi rökstutt með því, að ekki hafi verið um raunverulegt heimilisfang gerðarþola að ræða við manntal á Siglufirði haustið 1951, heldur aðeins málamyndaheimilisfang. Hefur hann (gerðarbeiðandi) bent á til rökstuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að samkvæmt manntali í Vestmannaeyjum 1. nóv. 1951 hafi á húsaskýrslu á Landagötu 11 í Vestmannaeyjum, en þar bjó gerðarþoli áður, verið skráð sú athugasemd, að fjölskylda gerðarþola hafi verið skrifuð á Siglufirði þetta ár að Lindargötu 34 og hafi þar sitt lögheimili. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram vottorð bæjarstjórnans í Vestmannaeyjum þessa efnis. Með því að ekki sé vitað, að gerðarþoli hafi nokkru sinni búið í húsinu nr. 34 við Lindargötu hér í bæ, telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi ekkert raunverulegt heimili átt á Siglufirði, er manntal fór þar fram haustið 1951, og enga raunverulega íbúð, því að upplýst sé, að í húsið nr. 4 við Norðurgötu hafi hann og fjölskylda hans ekki flutzt fyrr en í júní 1952 og hann ekki tekið íbúð í húsi þessu á leigu fyrr en 1. jan. 1952. Í samræmi við þetta heldur gerðarbeiðandi því fram, að raunverulegt heimilisfang gerðarþola flytjist ekki til Siglufjarðar fyrr en í júní 1952 eða þegar fjölskylda hans flyzt þangað, en samkv. lögum nr. 95/1936, um heimilisföng, eigi hjón, sem dveljast samvistum, sama heimilisfang.

Af þessum sökum telur gerðarbeiðandi augljóst, að gerðarþoli hefði átt að telja fram til skatts í Vestmannaeyjum í ársbyrjun 1952 fyrir árið 1951 og greiða opinber gjöld þar, þar eð raunverulegt heimili hans hafi verið þar á árinu 1951 samkvæmt framansögðu.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar hefur gerðarþoli rökstutt með því, að enginn ágreiningur sé um, að hann hafi verið skráður til heimilis á Siglufirði við manntal haustið 1951 eða við manntal

síðast, áður en niðurjöfnun útsvara fór fram 1952, en samkvæmt lögum um útsvör, nr. 66/1945, 8. gr., skuli þar í sveit leggja á útsvar, sem gjaldþegn átti heimili síðast, áður en niðurjöfnun fór fram. Hins vegar sé því ekki haldið fram af gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi einnig verið skráður á manntal í Vestmannaeyjum sama ár. Hafi það verið samkvæmt ákvörðun hans sjálfs, að hann lét skrá sig á Siglufirði, en ekki í Vestmannaeyjum við manntal haustið 1951. Verði því gerðarbeiðandi að færa sönnur á, að hann (gerðarþoli) hafi látið skrá sig til málamynda heimilisfastan á Siglufirði haustið 1951 í þeim tilgangi að komast hjá greiðslu gjalda í Vestmannaeyjum, ef hann (gerðarbeiðandi) vilji halda til streitu staðhæfingu sinni um, að gerðarþoli hafi verið útsvarsskyldur í Vestmannaeyjum 1952. Staðhæfir gerðarþoli, að Siglufjörður hafi aldrei verið málamyndaheimili hans, og skírskotar því til sönnunar til fyrrnefnds vottorðs Jóns Kjartanssonar, eiganda hússins nr. 4 við Norðurgötu, þar sem vottað er, að gerðarþoli hafi þegar haustið 1951 talið sig búa í nefndu húsi með samþykki húseiganda, svo og til vottorðs Bæjarútgerðar Siglufjarðar um, að gerðarþoli hafi haft alla atvinnu sína hér á Siglufirði síðan í sept. 1950. Með tilvísun til framansagðs telur gerðarþoli álagningu útsvars þess, sem lögtaks er nú krafizt fyrir, algerlega heimildarlausa, enda hafi hann talið fram á Siglufirði og greitt þar útsvar álagt 1952.

Varakröfu sína, þ. e., að lögtak verði aðeins heimilað fyrir sömu útsvarsupphæð og gerðarþoli hefur greitt á Siglufirði eða kr. 14.920,00, hefur hann stutt með því, að hann hafi ekki talið fram í Vestmannaeyjum, þar sem hann hafi ekki talið sér það skylt, og vilji því fá tækifæri til að fá útsvarið lækkað í samræmi við framtal sitt, ef hann verði talinn útsvarsskyldur í Vestmannaeyjum. Telur gerðarþoli, að álagning niðurjöfnunarnefndar Vestmannaeyja sé gerð út í bláinn, og verði því engar ályktanir dregnar af því, að útsvar hans sé lægra á Siglufirði en það ætti að vera í Vestmannaeyjum.

Varakröfu gerðarþola mótmælir gerðarbeiðandi á þeim forsendum, að dómstólar hafi ekki úrskurðarvald um upphæð útsvara.

Þar sem víst er, að gerðarþoli var um það bil að flytjast búferlum frá Vestmannaeyjum til Siglufjarðar á árinu 1951 vegna atvinnu sinnar, og er þess er gætt, að hann taldi sjálfur heimili sitt á Siglufirði við manntal haustið 1951 og áréttaði þá ráðstöfun sína með því að telja þar fram til skatts í ársbyrjun 1952, og loks er tillit er tekið til þess, að gerðarþoli aflaði allra tekna sinna vegna atvinnu sinnar á atvinnutæki frá Siglufirði árið 1951, telst ekki nægilega sannað, með skírskotun til framangreinds og gegn mótmælum gerðarþola, að um málamyndaheimilisfang hafi verið að ræða, er hann taldi heimili sitt á Siglufirði við manntal haustið 1951, enda hefur gerðarbeiðandi ekki gert reka að því að fá þetta heimilisfang hans ógilt samkv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisföng. Samkvæmt þessu

telst því sú ákvörðun niðurjöfnunarnefndar Siglufjarðar að leggja útsvar á gerðarþola á Siglufirði árið 1952 hafa haft við lög að styðjast, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör, og hafi því gerðarþola borið að greiða útsvar til bæjarsjóðs Siglufjarðar 1952, en ekki til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, þar sem í samræmi við það, sem hér að framan er sagt, telst hafa verið ranglega lagt á hann útsvar. Með skírskotun til alls framansagðs þykir því verða að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Föstudaginn 7. maí 1954.

Nr. 140/1953. **Magnús Helgason og Sigurður Berndsen**

(Guttormur Erlendsson)

gegn

Péttri Þorsteinssyni (sjálfur)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramar Hæstaréttar.

Fjárnámssgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámssgerð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1953. Krefjast þeir þess, að fjárnám verði einungis gert til tryggingar kr. 61.235,93 með 7% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 15,40 í afsagnarkostnað, kr. 146,67 í stimpilgjald og kr. 1.466,67 í málskostnað. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 19. október 1953, krefst staðfestingar hinnar